

24. janúar 2012

## Fundur nr. 70

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 24. janúar 2012 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Sandra Helgadóttir, Heiða Elísdóttir og Kristján Árnason. Einnig sat fundinn Sigríður Vigdís Þórðardóttir framkvæmdastjóri.

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Greiðslur bæjarins vegna leigu á tækjabúnaði Þróttar – Framkvæmdastjóra falið að finna fundagerð frá bæjarráðsfundi síðan síðasta sumar og fylgja því eftir að fá í gegn leigutekjur á tækjabúnaði þróttar.

Afmælisrit Þróttar – Dreifibréf eiga að fara í hús ekki seinna en nk. fimmtudag, þar sem verður auglýst eftir fólki í einskonar ritnefnd fyrir blaðið.

Skiltamál – Framkvæmdastjóra falið að panta skilti til að setja á og við íþróttahúsið og þar með gera félagið sýnilegra.

Samstarf við Njarðvík / skráning á Íslandsmót – Nú þegar hafa nokkrir flokkar verið skráðir á íslandsmótið þ.e. 3, 4, og 5 flokkur kvenna, 5 flokkur karla og meistaraflokkur.

Að öðru leyti var fundagerðin samþykkt.

### 2. Þjálfaramál

Þjálfaramál rædd.

Kristján mun ræða við Magnús júdo þjálfara varðandi auglýsingar fyrir júdoíð. Þróttur fer fram á að auglýsingarnar séu merktar félaginu.

### 3. Vogabíkar

Baldvin mun halda foreldrafund núna fljótlega og mun í leiðinni reyna að ná til foreldra og virkja þá fyrir Vogabíkarsmótið sem stefnt er á að halda næsta sumar. Einnig þarf að safna saman fólki í nefnd sem mun sjá um að útfæra mótið og auglýsa það til annarra félaga.

### 4. Unglingalandsmót UMFÍ

Framkvæmdastjóri bauðst til þess að halda utan um þessi málefni og þ.á.m. að finna krakka sem hafa áhuga á því að taka þátt fyrir hönd félagsins.

### 5. Önnur mál

Vignir yfirþjálfari hefur óskað eftir því að fá pening úr sjóði foreldrafélagsins til þess að gera eitthvað félagslegt með stúlkunum. Stjórnin samþykkir þá beiðni.

Stjórnin óskar eftir því að fundagerðir fari beint inn á vefsíðu Þróttar eftir að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmeðlimum. Sandra mun taka það að sér að setja fundagerðirnar inn á síðuna með aðstoð framkvæmdastjóranns.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:00